

Ársfundur aðildasveitarfélaga NAVE 2017  
31.05.2016



ÁRSFUNDUR 2017 (eigendafundur) aðildasveitarfélaga NAVE í Nátúrustofu Vestfjarða  
(NAVE) haldinn í Náttúrugripasafni Bolungarvíkur, Vitastíg 3, Bolungarvík  
miðvikudaginn 31. maí 2017 og hófst kl. 14:15.

**Fundinn sátu:**

Þórir Sveinsson (ÞS) stjórnarmaður NAVE, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) fulltrúi Vesturbyggðar, Jón Páll Hreinsson (JPH) fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar, Daniel Jakobsson (DJa) fulltrúi Ísafjarðarbæjar, Sigríður Gísladóttir (SG) stjórnarmaður NAVE, Nancy Bechtloff (NB) forstöðumaður NAVE, Hulda Birna Albertsdóttir (HBA) starfsmaður NAVE og Smári Haraldsson (SH).

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir (GÁÓ) formaður stjórnar boðaði forföll vegna jarðarfara. Nancy Bechtloff setti fundinn og stakk upp á sér sem fundarstjóra og Þóri Sveinssyni sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

**Gögn lögð fram:** Drög að ársskýrslu NAVE 2016 og ársreikningur NAVE 2016.

**Dagskrá:**

**1. Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) 2016.**

NB kynnti drög að ársskýrslu og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða á árinu 2016.

Helstu verkefni stofunnar sem unnið var að á árinu voru fuglarannsóknir, rannsóknir í tengslum við fiskeldi og framkvæmdir (vegagerð, virkjunarframkvæmdir, ofanflóðavarnir), gróðurannsóknir og fornleifarannsóknir o.fl. Starfssvæði stofunnar eru Vestfirðir, en sum verkefni eru tekin fyrir utan Vestfirðina. Meðalfjöldi starfa við stofuna var 9 á árinu; fastir starfsmenn, laus- eða verkefnaráðnir og sumarstarfsmenn á söfnunum (Náttúrugripasafn Bolungarvíkur og Sjóminjasafn Ósvör).

Ársskýrslan ásamt ársreikningi verður send aðildasveitarfélögunum þegar hún kemur úr prentun.

ÞS greindi í munnlegri skýrslu frá helstu verkefnum stjórnarinnar á árinu 2016 m.a. frá nýju húsnæði NAVE á 2. hæð gömlu bæjarskrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar við Aðalstræti 10-12, en áætlað er að starfsemi NAVE flytjist í nýja húsnæðið að hausti eða í byrjun næsta veturs.

**2. Ársreikningur NAVE 2016.**

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur NAVE fyrir árið 2016 ásamt endurskoðunarskýrslu.

Til máls tóku: ÞS, DJa, NB, JPH, FM, SH og HBA.

Fram kom að heildartekjur á árinu námu 83,3 millj.kr., gjöld fyrir fjármagnsliði voru 79,2 millj.kr. og nettó vaxtagjöld 0,6 millj.kr. Rekstrarafgangur varð því 3,5 millj.kr. Eignir námu 2,6 millj.kr., skuldir 15,8 millj.kr. og eigið fé var neikvætt um 13,2 millj.kr.

Ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og staðfestur samhljóða með fyrirvara um leiðréttingu texta um Evrópuverkefni í skýringu 8.

**3. Fjármál Náttúrustofu Vestfjarða.**

Til máls tóku: NB, FM, DJa, JPH, ÞS, SG, SH og HBA.

Almennt var rætt um rekstur og lausafjárstöðu NAVE og kom fram að verkefnastaða stofunnar er góð.

Almennt var rætt um starfsemi NAVE, styrkleika hennar í tengslum við stefnumörkun, um áhersluverkefni, s.s. gróðurkortagerð og þjónustu við fiskeldi, um að stofan gæti sinnt grunnrannsóknnum í fiskeldi í meira mæli og gert verksamninga, t.d. við MAST eða aðrar eftirlitsstofnanir um slíkar rannsóknir, efla ætti umsóknir í Umhverfissjóð sjókvíaeldis, umhverfisvaktanir, um möguleika á ráðningu fleiri starfsmanna til NAVE í kjölfar aukinna verkefna, og um aðstoð við sveitarfélögin við gerð umsagna um umhverfismat eða annarra umsagna um málefni sem NAVE hefur sérfræðipækkingu á. NB falið að taka saman lista um helstu núverandi verkefni NAVE og þau verk sem stofan getur tekið að sér í heimabyggð þ.e.a.s. á Vestfjörðum. Listann á að nota í viðræðum við ráðuneyti umhverfismála um fasta fjármögnun m.a. í ljósi skýrslu Vestfjarðarnefndar og þau atriði sem þar koma fram tengd NAVE.

#### 4. Kosning stjórnar.

Fyrir fundinum lá tilkynning frá Guðbjörgu Ástu Ólafsdóttur formanni stjórnar NAVE um að hún óskaði lausnar frá stjórnarsetu og hafði hún áður, sem fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar, sent sveitarfélaginu bréf þess efnis. Bréfið var tekið fyrir í bæjarráði Bolungarvíkurkaupstaðar sem samþykkti að tilnefna Smára Haraldsson líffræðing og fyrrverandi forstöðumann Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sem nýjan formann stjórnar NAVE.

Til máls tóku: ÞS, NB, DJa, JPH og FM.

Tillaga Bolungarvíkurkaupstaðar um Smára Haraldsson sem nýjan stjórnarformann NAVE samþykkt samhljóða.

#### 5. Þóknun stjórnar.

Til máls tóku: ÞS, NB, DJa, JPH og FM.

ÞS lagði fram tillögu um laun stjórnar NAVE fyrir starfsárið 2017. Formaður stjórnar fái 5% af þingfararkaupi alþingismanna og stjórnarmenn 3% m.v. taxa þingfararkauptsins þann 1. júní 2016 að viðbætti 5% hækkun. Stjórnarlaun formanns verði því 40.054 kr. og stjórnarlaun annarra stjórnarmanna verði 24.033 kr. fyrir hvern fund. Tillagan samþykkt samhljóða.

#### 6. Önnur mál.

a. Starfsreglur stjórnar NAVE. Lögð fram drög að starfsreglum stjórnar NAVE.

Til máls tóku: SG, JPH, FM, DJa, ÞS, SH og NB.

Starfseglunum vísað til nýrrar stjórnar með þeim breytingum/ábendingum sem fram komu á fundinum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:45.**

Þórir Sveinsson, fundarritari.